

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja börn, er þörf hafa fyrir dvöl á „Dagheimilínu“ á Ísafirði vegna veikinda aðstandenda og annarra örðugleika. Skal slíkur styrkur veittur árlega, og er heimilt að verja til þess hálfum ársvöxtum sjóðsins hverju sinni.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 35000.00 — þrjátíu og fimm þúsund krónur — er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að hálfum ársvöxtum sjóðsins til annarrar barnaverndarstarfsemi á Ísafirði ef þörf og ástæða þykir til.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, og eiga sæti í henni einn ættingi eða venzlamaður Margrétar Bjarnadóttur, tveir aðilar, tilnefndir af öðrum stofnendum sjóðsins, og tveir tilnefndir af stjórn Barnaverndarfélagss Ísafjarðar. Ef venzlamanna Margrétar Bjarnadóttur og stofnenda sjóðsins nýtur ekki við, skal stjórn Barnaverndarfélagssins tilnefna alla stjórnendur sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Hún sér um reikningshald sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum Barnaverndarfélagss Ísafjarðar og lagðir fram til samþykktar á aðalfundi félagsins.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skrá um hina upphaflegu stofnendur sjóðsins, skipulagsskrána, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði, f. h. Barnaverndarfélagss Ísafjarðar.

Ruth Tryggvason.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Norðfjarðarhrepps nr. 92 26. marz 1957 samkvæmt auglýsingu um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum nr. 56 28. marz 1957.

11. gr. 6. liður b. samþykktar orðist svo: Samlagið greiðir $\frac{3}{4}$ hluta flutningskostnaðar samlagsmanna til sjúkrahúss, ef sjúkraflugvél þarf til flutnings að dómi samlagsins.

Framangreind breyting staðfestist, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1964, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.